

Sterkar konur og frjálsleg sjónarmið

● Bandaríski heimildamyndaleikstjórinn Michael Moore situr fyrir svörum um gervihnött í Bíó Paradís í kvöld

Hildur Loftsdóttir
hildurl@mbl.is

Sérstök kvikmyndasýning á nýjstu mynd Michael Moore, *Where to Invade Next*, verður haldin í Bíó Paradís í dag kl. 16. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Ísland er eitt af níu ríkjum sem fjallað er um í myndinni og verður myndin sýnd samtímis í öllum þeim löndum. Eftir sýninguna verða lifandi umræður í gegnum gervihnött með leikstjóranum sjálfum sem staddur er í Bandaríkjunum.

Á ferðalagi sínu um þessi lönd kemst Michael Moore að því að Bandaríkin hefðu gott af því að tileinka sér sitt hvað af síðum og stefnum annarra þjóða.

Í myndinni skoðar hann orlof á Ítalíu, skólamötuneyti í Frakklandi, iðnaðarstefnu Pýskalands, fangelsismálakerfi Noregs, kvenréttinda-stefnu Túnis og sterkar konur á Íslandi.

Gerir grín að eigin þjóð

Upptökur fóru fram hér á landi í maí á síðasta ári og á meðal viðmælenda í myndinni eru Vigdís Finnbogadóttir, Halla Tómasdóttir, Jón Gnarr, Ólafur Þór Hauksson og Margrét Kristmannsdóttir sem mun sitja fyrir svörum að sýningu lokinni.

Kynnir á sýningunni verður Ísold Uggadóttir kvikmyndaleikstjóri sem annaðist framleiðslu á upptökunum á Íslandi.

„Tökurar áttu að vera mikið hernaðarleyndarmál því hann vildi ekki láta trufla sig á meðan hann væri að nálgast sín viðfangsefni, sem er skiljanlegt. En svo mætti hann í Leifsstöð með bandaríska fánanum á lofti, því, eins og titillinn segir til um, er hann í raun að gera grín að eigin þjóð fyrir að ráðast sífellt inn í önnur lönd og nýta og eigna sér auðlindir



Ljósmynd/Hörður Sveinsson

Spennandi Michael Moore tók upp hluta nýjstu myndar sinnar á Íslandi.

þeirra. Í þessu tilfelli er hugmyndin með myndinni að ráðast inn í Evrópulönd og tileinka sér og eigna sér góðar og gagnlegar hugmyndir um velferðarkerfi,“ útskýrir Ísold.

„Í tilfelli okkar Íslendinga gekk það út á þátt kvenna og út frá spurningunni: ef konur réðu heiminum, væri hann þá ekki betri?“

Talaði endalauð við Vigdís

Ísold segir Moore hafa haft áhuga á því að Vigdís Finnbogadóttir var fyrsta konan í heiminum sem var lýðræðislega kjörin leiðtogi þjóðar, einnig hvað konur hafa náð góðum árangri á fjármálasviðinu. Uppgjör hrunsins hafi líka vakið áhuga hans og þátttaka fyrirverandi borgarstjóra Reykjavíkur, Jóns Gnarrs, í Gay Pride göngunni, þar sem hann klæddi sig bæði upp sem fjallkonan og Pussy Riot-meðlimur.

„Þannig að það sem Bandaríkja-

menn geta einna helst lært af Íslendingum er að gefa konum meiri völd og að tileinka sér frjálslegri sjónarmið.“

Ísold telur að öll löndin fái jafna umfjöllun í myndinni.

„Eg hefði viljað sjá meira frá Íslandi, því við tókum svo mikið upp og fórum svo víða, en mér fannst reyndar okkar hlutur koma bara mjög vel út,“ segir hún ánægð.

„Í myndinni er kvennafrídagurinn skoðaður og sýnt frá því þegar konur lögðu niður störf. Það fannst honum stórmerkilegt og þessi sterka íslenska kona fær gott pláss í þessari mynd.

Hann bar mikla virðingu fyrir Vigdís Finnbogadóttur, talaði við hana endalauð og ætlaði aldrei að yfirgefa hana,“ segir Ísold og hlær: „Þegar Michael Moore fær áhuga á viðmælenda sínum, þá er ekkert sem getur stoppað hann.“